

**Nd.**

**75. Frumvarp til laga**

[72. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I KAFLI

**Gildissvið staðgreiðslu**

1. gr.

Ákvæði laga þessara að því er staðgreiðslu opinberra gjalda varðar gilda um eftirtalin gjöld:

1. Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 1. gr. og 1. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, af skattskyldum tekjum samkvæmt 1. tl., 1. og 2. málsl. 2. tl., 3. tl. og 1. másl. 4. tl. A-liðar 7. gr., sbr. 1.—7. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. þeirra laga. Enn fremur um tekjuskatt manna og annarra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. greindra laga af þar tilgreindum skattskyldum tekjum hér á landi, sbr. ákvæði 2. og 3. tl. 71. gr. þeirra laga.
2. Útsvar samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga af þeim skattskyldum tekjum manna sem um ræðir í 1. másl. 1. tl. þessarar greinar.
3. Kirkjugarðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um kirkjugarða af þeim útsvörum sem um ræðir í 2. tl. þessarar greinar.
4. Sóknargjald samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld af þeim útsvörum sem um ræðir í 2. tl. þessarar greinar.
5. Launaskatt samkvæmt ákvæðum laga um launaskatt.
6. Lífeyristryggingagjald samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
7. Slysatryggingagjald samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
8. Atvinnuleysistryggingagjald samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar.
9. Iðgjöld samkvæmt ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. gr.

Verði síðar sett lög, hvort heldur tímabundin eða ótímabundin, um gjöld sem ákvarðast af sömu eða svipuðum gjaldstofnum og þau sem upp eru talin í 1. gr. skulu um þau gjöld gilda ákvæði laga þessara.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem gjaldskyldir eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1. gr. eða kunna að verða gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum 2. gr. nema gjaldskyldan falli á þá aðila sem um ræðir í 4. gr.

4. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem annast milligöngu á greiðslum sem gjaldskyldar eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1. gr. eða kunna að verða gjaldskyldar samkvæmt ákvæðum 2. gr.

## II KAFLI

### Meginreglur staðgreiðslu

5. gr.

Staðgreiðsla samkvæmt lögum þessum er bráðabirgðagreiðsla opinberra gjalda á tekjuári nema annað sé fram tekið.

6. gr.

Launamaður samkvæmt lögum þessum telst hver sá maður sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Enn fremur teljast launamenn samkvæmt lögum þessum þeir menn sem um ræðir í 2., 3. og 4. mgr. 7. gr., svo og þeir aðrir aðilar sem um ræðir í 4. mgr. 7. gr.

7. gr.

Staðgreiðsla launamanns af endurgjaldi samkvæmt 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skal ná til þeirra gjalda sem greinir í 1., 2., 3. og 4. tl. 1. gr., sbr. 2. gr. eftir því sem við á. Eigi skiptir máli í þessu sambandi hvort launamaðurinn er skattskyldur hér á landi samkvæmt 1. gr. eða 1. tl. 3. gr. greindra laga.

Staðgreiðsla þessi skal enn fremur taka til umræddra gjalda af endurgjaldi sem reikna skal samkvæmt 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Lágmark og hámark reiknaðs endurgjalds ákveður ríkisskattstjóri í viðmiðunarreglum.

Staðgreiðsla þessi tekur einnig til umræddra gjalda af öllum skattskyldum greiðslum eða afhendingu verðmæta sem um er rætt í 1. og 2. málsl. 2. tl., 3. tl. og 1. málsl. 4. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Staðgreiðsla þessi tekur svo og til umræddra gjalda af öllum skattskyldum greiðslum eða afhendingu verðmæta til manna og annarra aðila samkvæmt 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. ákvæði 2. og 3. tl. 71. gr. þeirra laga.

Staðgreiðslu fyrir hönd launamanns skal launagreiðandi sjá um samkvæmt ákvæðum A-hluta III kafla.

8. gr.

Hugtakið laun í lögum þessum merkir hvers konar endurgjald, greiðslur eða afhendingu verðmæta, sbr. ákvæði þessarar greinar, svo og 6. og 7. gr.

Launagreiðandi samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim endurgjald fyrir starfa sem inntur er af hendi fyrir hann eða á hans vegum, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. Einnig aðili sem ber að reikna sér, maka sínum eða börnum innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, endurgjald, sbr. ákvæði 2. mgr. 7. gr. Enn fremur þeir aðilar sem inna af hendi greiðslur eða afhenda þau verðmæti sem um ræðir í 3. og 4. mgr. 7. gr. Ef milligöngumaður, sbr. 4. gr., annast greiðslurnar telst hann launagreiðandi sem skila- og greiðsluaðili samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um umboðsmann aðila sem um ræðir í 2. mgr. 2. tl. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

9. gr.

Staðgreiðsla launagreiðanda, sbr. 2. mgr. 8. gr., skal ná til þeirra gjalda sem greinir í 5.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., eftir því sem við á. Staðgreiðsla þessi skal fara fram samkvæmt B-hluta III kafla.

10. gr.

Að tekjuárinu loknu skal fara fram ákvörðun og álagning eftirtalinna opinberra gjalda:

1. Tekjuskatts og eignarskatts samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Útsvars og aðstöðugjalds samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.
3. Kirkjugarðsgjalds samkvæmt ákvæðum laga um kirkjugarða.
4. Sóknargjalds samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld.
5. Launaskatts samkvæmt ákvæðum laga um launaskatt.
6. Lífeyristryggingagjalda samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
7. Slysatryggingagjalda samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
8. Atvinnuleysistryggingagjalda samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar.
9. Iðgjalda samkvæmt ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
10. Iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt ákvæðum laga um iðnlánasjóð.
11. Iðnaðarmálagjalds samkvæmt ákvæðum laga um iðnaðarmálagjald.
12. Landflutningasjóðsgjalds samkvæmt ákvæðum laga um landflutningasjóð.
13. Landsútsvars samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.
14. Annarra skatta og gjalda sem skattstjórum ber að ákvarða og leggja á samkvæmt gildandi lögum eða þeim mun bera að ákvarða og leggja á samkvæmt síðar settum lögum, hvort heldur tímabundnum eða ótímabundnum, enda fari innheimta þeirra fram á vegum innheimtumanna ríkissjóðs eða gjaldheimtu, sbr. lög nr. 68 27. apríl 1962, eða á vegum innheimtumanna sveitarsjóða.

Mismun sem fram kann að koma milli staðgreiðslu og álagningar skal krefja eða endurgreiða, eftir því sem við á, samkvæmt ákvæðum VIII kafla.

Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla opinberra gjalda þeirra aðila sem um ræðir í 2., 3. og 7. tl. 3. gr., sbr. 2. tl. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, er fullnaðargreiðsla opinberra gjalda þessara aðila hér á landi án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning þeirra hjá þessum aðilum nema um sé að ræða aðila sem jafnframt er skattskyldur samkvæmt 4. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

### III KAFLI

#### Tilhögun staðgreiðslu

##### A-hluti

#### Launamenn og launagreiðendur

11. gr.

Gjaldskyldu launamanna á staðgreiðsluári skal miða við lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Launamaður sem nær 16 ára aldri á staðgreiðsluári skal þó í þessu sambandi talinn gjaldskyldur í lok næstliðins almanaksárs. Sama gildir um þá launamenn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á staðgreiðsluárinu, svo og þá sem skattskyldir eru á staðgreiðsluárinu samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri láta gera skattkort fyrir hvern launamann þar sem fram komi þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að ákvarða staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu. Skattkort þessi skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru við frumgerð þjóðskrár hinn 1. desember þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Skattkort manna sem öðlast heimilisfesti hér á landi á staðgreiðsluárinu, svo og þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignar-

skatt, skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma á tilkynningu þeirra um aðsetursskipti eða á annan fullnægjandi hátt að dómi ríkisskattstjóra. Ígildi skattkorts manna og annarra aðila sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. ákvæði 2. og 3. tl. 71. gr. þeirra laga, sbr. og 4. mgr. 7. gr., skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í kröfugerð þeirra til ríkisskattstjóra. Kröfugerðin skal gerð fyrir lok þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári eða eigi síðar en mánuði áður en fyrsta greiðsla eða afhending verðmætis á sér stað á staðgreiðsluári.

Strax við móttöku skattkorts ber launamanni að kanna þær upplýsingar sem fram koma á því. Telji launamaður þær ekki réttar miðað við fjölskyldu sína í lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári ber honum strax að endursenda skattkort sitt til skattstjóra ásamt skriflegum rökstuðningi fyrir kröfu sinni um nýtt skattkort. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að láta honum strax í té nýtt skattkort. Telji skattstjóri beiðni launamanns að hluta til réttmæta ber honum að láta launamanninum strax í té nýtt skattkort ásamt rökstuðningi fyrir synjun að hluta. Synji skattstjóri beiðni launamanns að öllu leyti ber honum strax að endursenda launamanninum skattkortid ásamt rökstuðningi fyrir synjun.

#### 12. gr.

Telji launamaður sig eiga rétt til hærri frádráttar samkvæmt D-lið og 1. og 3. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en fastafrádráttur samkvæmt 2. mgr. 30. gr. greindra laga mundi nema á hann rétt til að krefjast breytingar á skattkorti sínu á þann veg að hann njóti þessa mismunar sem viðbótarfrádráttar frá launum við ákvörðun á staðgreiðslu hans.

Í skriflegri kröfu til skattstjóra ber launamanni að gera nákvæma grein fyrir eftirfarandi:

1. Vætanlegum tekjum sínum á tekjuárinu (þ. m. t. orlofsfé) samkvæmt ákvæðum 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, að teknu tilliti til ákvæða 1.—6. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. greindra laga.
2. Vætanlegum frádrætti sínum á tekjuárinu samkvæmt ákvæðum D-liðar 1. mgr. 30. gr. greindra laga.
3. Vætanlegum gjaldföllum frádrætti sínum á tekjuárinu samkvæmt 1. tl. og frádrætti samkvæmt 3. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. greindra laga.
4. Vætanlegum tekjum sínum samkvæmt ákvæðum 2.—3. tl. A -liðar, B-liðar og C-liðar 7. gr. og frádrætti samkvæmt 2. og 3. tl. B-liðar 1. mgr., 3. og 4. tl. C-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 30. gr. greindra laga.

Nemi frádráttur samkvæmt 2. og 3. tl. 2. mgr. að frádregnum hreinum tekjum samkvæmt 4. tl. 2. mgr. a. m. k. 20% hærri fjárhæð en fastafrádráttur mundi nema af tekjum samkvæmt 1. tl. 2. mgr. ber skattstjóra að verða við kröfu launamanns og leyfa því sem næst þennan mismun sem viðbótarfrádrátt umfram fastafrádrátt við ákvörðun staðgreiðslu hans á tekjuárinu.

Giftur eða kvæntur launamaður sem er samvistum við maka sinn á því aðeins rétt til frádráttar samkvæmt 3. mgr. að hann og maki hans geri sameiginlega kröfu samkvæmt 1. mgr., sem undirrituð skal af báðum hjóna, og að veittar séu sömu upplýsingar um makann og krafist er af honum sjálfum samkvæmt 2. mgr. Nemi heildarfrádráttur samkvæmt 2. og 3. tl. 2. mgr. að frádregnum hreinum tekjum samkvæmt 4. tl. 2. mgr. a. m. k. 20% hærri fjárhæð en sameiginlegur fastafrádráttur hjónanna mundi nema af tekjum þeirra samkvæmt 1. tl. 2. mgr. ber skattstjóra að verða við kröfu launamanns og leyfa því sem næst þennan mismun sem viðbótarfrádrátt umfram fastafrádrátt við ákvörðun staðgreiðslu hans á tekjuárinu. Fastafrádráttur þess maka sem lægri hefur tekjurnar samkvæmt 1. tl. 2. mgr. skal standa óbreyttur en viðbótarfrádrátturinn veittur þeim makanum sem hærri hefur tekjurnar samkvæmt 1. tl. 2. mgr. Sama gildir um karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegra réttinda og hjónum sem samvistum eru.

### 13. gr.

Við upphaf staðgreiðsluárs ber launamanni að afhenda launagreiðanda sínum skattkort sitt til vörslu og telst hann þá aðallaunagreiðandi hans. Aðallaunagreiðandi ber ábyrgð á vörslu skattkorts launamannsins meðan hann er í þjónustu hans eða þar til launamaðurinn krefst skila á því. Skipti launamaður um starfa eða velji sér annan aðallaunagreiðanda á staðgreiðsluárinu ber fyrri aðallaunagreiðanda hans að skila honum skattkorti hans en launamanninum ber hins vegar að afhenda það þeim launagreiðanda sem hann hefur hjá hið nýja starf sitt eða hefur valið sér í stað fyrri launagreiðanda sem aðallaunagreiðanda.

Nú hefur launamaður starfa með höndum hjá eða á vegum fleiri en eins launagreiðanda og ber launamanni þá að velja sér aðallaunagreiðanda sem hann afhendir skattkort sitt. Skattkortið verður þá í vörslu þessa aðallaunagreiðanda. Sama skal gilda um launamann sem hefur einn starfa með höndum en launagreiðendur hans vegna starfans eru tveir eða fleiri.

Telji launamaður að ákvæði 2. mgr. þessarar greinar leiði til þess að staðgreiðsla hans verði verulega hærri en orðið hefði ef einungis væri um einn launagreiðanda að ræða, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, hefur hann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá skattstjóra. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal ákveðinn hundradshluta sem aukalaunagreiðanda ber að halda eftir af launum hans í stað hámarkshundradshluta.

### 14. gr.

Hafi annað hjóna sem samvistum eru engar tekjur á staðgreiðsluári samkvæmt 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt hafa hjónin rétt til þess að afhenda skattkort tekjulausa makans aðallaunagreiðanda þess maka sem tekjur hefur. Staðgreiðsla þess maka sem tekjurnar hefur skal þá ákvörðuð með hliðsjón af því að hann sem launamaður hefur afhent aðallaunagreiðanda sínum skattkort beggja. Sama gildir um karl og konu sem búa í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegra réttinda og hjónum sem samvistum eru.

Hefji tekjulausi makinn starf hjá launagreiðanda á staðgreiðsluári á hann rétt til skattkorts síns og má afhenda það aðallaunagreiðanda sínum og breytist þá staða hins makans hjá aðallaunagreiðanda hans samkvæmt því. Maki sem haft hefur tekjur hjá launagreiðanda á staðgreiðsluári en lætur af starfi sem launamaður á því ári hefur hins vegar rétt til þess að afhenda skattkort sitt til aðallaunagreiðanda hins makans og breytist þá staða þess maka samkvæmt því.

### 15. gr.

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri láta gera skatttöflur fyrir launagreiðendur, byggðar á ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í I kafla eftir því sem við á. Við gerð skatttaflna skal þó ávallt reiknað með hámarkshundradshluta af útsvarsskyldum tekjum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Enn fremur skal við gerð skatttaflna reikna kirkjugarðsgjald og sóknargjald sem álag á útsvar með sama hundradshluta og notaður var við álagningu þessara gjalda í Reykjavík á því álagningarári sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Við gerð skatttaflna skal reiknað með þeim fastafrádrætti frá tekjum sem um ræðir í 2. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Enn fremur skal við gerð þeirra tekið tillit til réttar launamanns vegna ráðstöfunar ónýtt persónuafsláttar hans til greiðslu reiknaðs sóknargjalds, kirkjugarðsgjalds og útsvars og réttar hans til greiðslu barnabóta úr ríkissjóði, sbr. ákvæði 68. og 69. gr. greindra laga.

Alþingi skal með sérstökum lögum ákveða vísitölu staðgreiðsluársins eigi síðar en 15. nóvember á því almanaksári sem næst fer á undan staðgreiðsluárinu og skal miða við þá vísitölu við gerð skatttaflna.

Skatttöflur skulu gerðar fyrir ákveðin greiðslutímabil launa til launamanns á þann veg að sem mestri nákvæmni verði náð í staðgreiðslu launamannsins með hliðsjón af fjölskyldu hans.

Greiðslutímabil launa til launamanns, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr., ákvarðast með hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga eða hefð um greiðslu launa í starfsstétt launamannsins eftir því sem við á. Laun teljast greidd á greiðslutímabilinu hvort sem útborgun þeirra á sér stað á sama tíma og ákvæði kjarasamninga eða hefð kveða á um eða síðar.

Greiðslutímabil launa (reiknaðs endurgjalds) til launamanns, sbr. ákvæði 2. mgr. 7. gr., telst hver einstakur almanaksmánuður staðgreiðsluársins. Laun hvers almanaksmánaðar ákvarðast sem einn tólfti hluti ( $\frac{1}{12}$  hluti) árlegs reiknaðs endurgjalds sem launamaðurinn hefur valið sér innan þeirra marka sem um ræðir í 2. másl. 2. mgr. 7. gr.

#### 16. gr.

Pegar ákvörðun launa (þar með talið orlofsfé) launamanns fyrir ákveðið greiðslutímabil, sbr. 5. og 6. mgr. 15. gr., er lokið ber aðallaunagreiðanda hans

1. að bæta við ákvörðuð laun launamannsins skattskyldum hlunnindum að mati ríkisskattstjóra samkvæmt 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
2. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins þann hluta launa hans sem honum er heimilt að draga frá tekjum sínum að mati ríkisskattstjóra samkvæmt ákvæðum 2., 3., 4., 5. og 6. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
3. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins, að teknu tilliti til 2. tl., þá fjárhæð sem launamanni er skylt að spara samkvæmt ákvæðum VII kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins;
4. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins helming greiddra meðlaga, sbr. ákvæði 8. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
5. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins þann hundradshluta þeirra sem fram kemur á skattkorti hans, sbr. ákvæði 12. gr. um breytt skattkort;
6. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins ákveðið hlutfall sjómanna- og fiskimannafrádráttar eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum 1. og 2. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
7. að ákvarða þau laun sem staðgreiðsla þeirra opinberu gjalda sem um ræðir í 1. — 4. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., reiknast af en það eru ákvörðuð laun greiðslutímabilsins að viðbætti fjárhæð metinna skattskyldra hlunninda samkvæmt 1. tl., en að frádregnum fjárhæðum skv. 2., 3., 4., 5. og 6. tl. eftir því sem við á;
8. að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem fram kemur á skattöflu greiðslutímabilsins með hliðsjón af launum hans samkvæmt 6. tl. annars vegar og skattkorti hans hins vegar eða endurgreiða launamanninum, fyrir hönd ríkissjóðs, þá fjárhæð barnabóta sem fram kemur á skattöflu greiðslutímabilsins með hliðsjón af launum hans samkvæmt 6. tl. annars vegar og skattkorti hans hins vegar.

#### 17. gr.

Leiði ákvæði kjarasamninga eða hefð til þess að ekki fara saman á sama greiðslutímabili hjá aðallaunagreiðanda

1. annars vegar greiðslur fastra launa eða samningsbundinna eða hefðbundinna greiðslna upp í laun launamanns og
2. hins vegar greiðslur til launamanns fyrir hvers konar yfirvinnuálag og ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun, þótt krafa til þessara launa hafi myndast að fullu eða að hluta á greiðslutímabilinu,

skal launagreiðslum samkvæmt 2. tl. 1. mgr. bætt við launagreiðslur næsta ákveðins greiðslutímabils launa samkvæmt 1. tl. 1. mgr. og þessar greiðslur sameiginlega teljast

ákvörðuð laun launamanns á síðara greiðslutímabilinu og með þær farið samkvæmt 15. gr., sbr. og 7. og 8. tl. 16. gr.

Fari launagreiðslur samkvæmt 2. tl. 1. mgr. eigi fram á því staðgreiðsluári þegar krafa til þeirra myndaðist skal þeim bætt við launagreiðslur síðasta greiðslutímabils á staðgreiðsluárinu og viðbótarstaðgreiðsla ákvörðuð með hliðsjón af því.

Hafi launamaður látið af starfi hjá aðallaunagreiðanda sínum eða tekið skattkort sitt frá honum áður en laun hans fyrir hvers konar yfirvinnuálag og ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun eru greidd, en krafa til þessara launagreiðslna myndaðist á síðasta greiðslutímabili launa hans hjá aðallaunagreiðanda, skal þessum greiðslum bætt við launagreiðslur hans fyrir síðasta greiðslutímabil hans og viðbótarstaðgreiðsla hans ákvörðuð af þannig ákvörðuðum launum.

#### 18. gr.

Greiði aðallaunagreiðandi launamanni laun sem miðast við ákveðin liðin greiðslutímabil á staðgreiðsluárinu ber að jafna þessari launagreiðslu á þessi liðnu greiðslutímabil staðgreiðsluársins og hækka reiknuð laun hvers liðins greiðslutímabils með hliðsjón af því. Staðgreiðsla samkvæmt ákvæðum 16. gr. ákvarðast þá að nýju af þannig breyttum ákvörðuðum launum. Frá heildarfjárhæð þannig reiknaðrar staðgreiðslu ber að draga áður greidda staðgreiðslu vegna þessara greiðslutímabila á staðgreiðsluárinu og halda eftir mismun sem viðbótarstaðgreiðslu.

Greiði aðallaunagreiðandi launamanni laun án viðmiðunar við ákveðið greiðslutímabil á staðgreiðsluári ber honum að halda eftir upp í greiðslu opinberra gjalda launamannsins á staðgreiðsluárinu hámarkshundraðshluta af þessum launum samkvæmt ákvæðum 23. gr.

#### 19. gr.

Hefji launamaður starf hjá aðallaunagreiðanda eða flytji skattkort sitt til hans eftir upphaf greiðslutímabils eða láti hann af starfi hjá aðallaunagreiðanda eða flytji skattkort sitt frá honum áður en staðgreiðslutímabili lýkur skal fara með launagreiðslur til launamannsins og ákvörðun staðgreiðslu af launum hans innan þessa greiðslutímabils sem hér segir:

1. Deila skal í fjárhæð launa, sbr. 7. tl. 16. gr., með dagafjölda innan greiðslutímabilsins og
2. margfalda þannig niðurjafnaða dagsfjárhæð launa með dagafjölda fulls greiðslutímabils og
3. reikna út staðgreiðslu eða endurgreiðslu, sbr. 8. tl. 16. gr., miðaða við þannig margfaldaða launafjárhæð, deila í þá staðgreiðslu- eða endurgreiðslufjárhæð með dagafjölda fulls greiðslutímabils, sbr. 2. tl., og margfalda þá niðurstöðu með dagafjölda, sbr. 1. tl. Halda ber síðan eftir staðgreiðslu eða endurgreiða barnabætur í samræmi við þannig fengna niðurstöðu.

Með dagafjölda starfs samkvæmt 1. tl. 1. mgr. skal telja alla virka daga, frídaga og helgidaga frá og með fyrsta starfsdegi til loka greiðslutímabilsins eða frá upphafi greiðslutímabils til og með síðasta starfsdags. Dagafjöldi vikulegs greiðslutímabils samkvæmt 1. mgr. telst 7 dagar og mánaðarlegs greiðslutímabils 30 dagar.

#### 20. gr.

Afhendi launamaður ekki skattkort sitt til vörslu hjá launagreiðanda sem um ræðir í 1. og 2. másl. 2. mgr. 8. gr., sbr. 13. gr., sama dag og hann hefur starf sitt hjá honum ber launagreiðanda að krefja launamanninn um nafnskírteini hans til öflunar rétttra og staðfestra upplýsinga um nafnúmer hans, fæðingardag og -ár. Þessi launagreiðandi telst þá ekki aðallaunagreiðandi launamannsins.

Að lokinni ákvörðun launa þessa launamanns, sbr. 1. mgr., fyrir ákveðið greiðslutímabil ber launagreiðanda hans að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins upp í greiðslu

opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu hámarkshundraðshluta samkvæmt ákvæðum 23. gr. af launum, ákvörðuðum í samræmi við ákvæði 7. tl. 16. gr. Greiðsla af bótagreiðslum samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar skal þó, í stað hámarkshundraðshluta skv. 23. gr., nema þeim hundraðshluta sem ákvarðaður verður í sérstökum lögum um gildistöku þessara laga.

Nú ber nafnskríteini launamanns eða önnur gögn það með sér að hann nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluárinu og ber þá launagreiðanda sem um ræðir í 1. og 2. másl. 2. mgr. 8. gr. að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins, sbr. ákvæði 7. tl. 16. gr., upp í greiðslu opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu þeim hundraðshluta sem ákvarðaður verður í sérstökum lögum um gildistöku þessara laga.

Ákvæði þessarar greinar eiga jafnframt við um launagreiðslur þær er um ræðir í 17. og 18. gr.

#### 21. gr.

Afhendi launamaður ekki skattkort sitt til vörslu hjá launagreiðanda sem um ræðir í 3. másl. 2. mgr. 8. gr., sbr. 13. gr., fyrir upphaf greiðslutímabils eða fyrir greiðslu eða afhendingu verðmæta sem skattskyld eru samkvæmt ákvæðum 1. og 2. másl. 2. tl., 3. tl. og 1. másl. 4. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt ber launagreiðanda að krefja launamanninn um nafnskríteini hans til öflunar rétttra og staðfesta upplýsinga um nafnúmer hans, fæðingardag og -ár. Launagreiðandi þessi telst þá ekki aðallaunagreiðandi launamannsins.

Að lokinni ákvörðun launa þessa launamanns, sbr. 1. mgr., fyrir ákveðið greiðslutímabil eða fyrir greiðslu eða afhendingu verðmæta ber launagreiðanda hans að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins upp í greiðslu opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu þeim hundraðshluta sem ákvarðaður verður í sérstökum lögum um gildistöku þessara laga.

Nú ber nafnskríteini launamanns eða önnur gögn það með sér að hann nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluárinu og ber þá launagreiðanda sem um ræðir í 3. másl. 2. mgr. 8. gr. að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins upp í greiðslu opinberra gjalda framfæranda hans þeim hundraðshluta sem ákvarðaður verður í sérstökum lögum um gildistöku þessara laga.

#### 22. gr.

Afhendi launamaður sem um ræðir í 4. mgr. 7. gr. ígildi skattkorts síns, sbr. 4. másl. 2. mgr. 11. gr., til vörslu hjá launagreiðanda sem um ræðir í 3. másl. 2. mgr. 8. gr. fyrir upphaf greiðslutímabils eða fyrir greiðslu eða afhendingu verðmæta ber launagreiðanda að halda eftir af launum launamannsins upp í greiðslu opinberra gjalda hans þeim hundraðshluta af laununum sem ígildi skattkorts launamannsins segir til um.

Afhendi umræddur launamaður ekki ígildi skattkorts síns til umrædds launagreiðanda, sbr. 1. mgr., ber launagreiðanda að halda eftir af launum launamannsins upp í greiðslu opinberra gjalda hans sem hér segir:

1. Þeim hundraðshluta af hvers konar skattskyldum greiðslum eða afhendingu verðmæta samkvæmt 2., 3. og 7. tl. 3. gr., sem ákvarðaður er í 1. og 2. mgr. 2. tl. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Hámarkshundraðshlutum samkvæmt ákvæðum 23. gr. af hvers konar skattskyldum greiðslum eða afhendingu verðmæta samkvæmt 6. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt ef greiðslan rennur til manns, en renni greiðslan til lögaðila skal hundraðshlutinn vera sá sami og hundraðshluti tekjuskatts lögaðila.

#### 23. gr.

Hámarkshundraðshluti sá er um ræðir í 2. mgr. 18. gr., 2. mgr. 20. gr. og 2. tl. 2. mgr. 22. gr. skal ákveðinn af ríkisskattstjóra fyrir upphaf staðgreiðsluárs með hliðsjón af há-



marksgjaldstigum þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1.—4. tlf. 1. gr., sbr. 2. gr., að teknu tilliti til fastafrádráttar frá tekjum samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignar-skatt.

#### 24. gr.

Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina skriflega umsókn launamanns um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu ef veikindi, slys, mannlát eða starfsbreyting vegna þessa eða aldurs hans munu skerða tekjur hans verulega á þeim hluta staðgreiðsluársins sem eftir er á þann veg að staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu muni leiða til a. m. k. 10% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 10. gr.

Enn fremur er ríkisskattstjóra heimilt að taka til greina umsókn launamanns um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu ef hann hefur eða mun stunda nám í a. m. k. sex mánuði á staðgreiðsluárinu og staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu mun leiða til a. m. k. 10% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 10. gr.

Með skriflegri umsókn launamanns, sbr. 1. og 2. mgr., skulu fylgja fullnægjandi gögn til stuðnings kröfu hans, svo og rökstuðningur fyrir kröfunni sem settur skal fram á sérstöku eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera.

Að móttækinni umsókn launamanns skal ríkisskattstjóri úrskurða málið og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu.

#### B-hluti

#### Launagreiðendur

#### 25. gr.

Hver sá sem telst launagreiðandi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. skal eigi síðar en 1. október á því almanaksári sem næst fer á undan fyrsta staðgreiðsluári senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans.

Nú hefur aðili, sem að mati ríkisskattstjóra bar að tilkynna sig sem launagreiðanda samkvæmt 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá ríkisskattstjóri úrskurða hann sem launagreiðanda samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. og tilkynna aðilanum þar um eigi síðar en 15. október umrædds árs. Úrskurður ríkisskattstjóra skal rökstuddur. Úrskurður ríkisskattstjóra skal óbreyttur standa nema umræddur aðili hafi innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar mótmælt honum og rökstutt mótmæli sín. Innan 30 daga frá dagsetningu mótmæla aðilans skal ríkisskattstjóri hafa kveðið upp rökstuddan úrskurð og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu.

Aðilar þeir sem um ræðir í 1. og 2. mgr. skulu vera á launagreiðendaskrá samkvæmt 7. tlf. 36. gr. frá og með fyrsta staðgreiðsluári þar til fullnægt er skilyrðum 27. gr. um afskráningu.

#### 26. gr.

Hver sá aðili sem hefur greiðslur til launamanns á staðgreiðsluári og verður þar með launagreiðandi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. skal þegar í stað senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans.

Nú hefur aðili, sem að mati ríkisskattstjóra bar að tilkynna sig sem launagreiðanda samkvæmt 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá ríkisskattstjóri úrskurða hann sem launagreiðanda samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. og tilkynna aðilanum

þar um. Úrskurður ríkisskattstjóra skal rökstuddur. Úrskurður ríkisskattstjóra skal óbreyttur standa nema umræddur aðili hafi innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar mótmælt honum og rökstutt mótmæli sín. Innan 30 daga frá dagsetningu mótmæla aðilans skal ríkisskattstjóri hafa kveðið upp rökstuddan úrskurð og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu.

Aðilar þeir sem um ræðir í 1. og 2. mgr. skulu vera á launagreiðendaskrá samkvæmt 7. tl. 36. gr. frá og með hlutaðeigandi staðgreiðsluári þar til fullnægt er skilyrðum 27. gr. um afskráningu.

#### 27. gr.

Launagreiðandi sem er á launagreiðendaskrá samkvæmt ákvæðum 7. tl. 36. gr., sbr. 25. og 26. gr., en hættir launagreiðslum á staðgreiðsluári, skal þegar í stað senda ríkisskattstjóra tilkynningu þess efnis.

#### 28. gr.

Launagreiðendur, sbr. 9. gr., sem gjaldskyldir eru á staðgreiðsluári samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 5.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., skulu þegar eftir lok hvers almanaks-mánaðar reikna út umrædda skatta og gjöld af lögmæltum gjaldstofnum sem til féllu á greiðslutímabilum næstliðins mánaðar.

### IV KAFLI

#### Skil á staðgreiðslu

#### 29. gr.

Launagreiðandi, sbr. 2. mgr. 8. gr., skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega það fé sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir á greiðslutímabilum næstliðins mánaðar samkvæmt ákvæðum 16.—22. gr., að frádregnum endurgreiðslum barnabóta sem launagreiðandi hefur innt af hendi fyrir ríkissjóð á þessum greiðslutímabilum. Viðbótarstaðgreiðsla, sbr. ákvæði 3. og 4. mgr. 17. gr. og 18. gr., sem eigi er innt af hendi fyrr en eftir lok staðgreiðsluárs telst mynda sérstakt greiðslutímabil og ber að greiða hana 1. febrúar næstan eftir lok staðgreiðslu-ársins.

Greiðsla samkvæmt 1. mgr. skal innt af hendi í banka, sparisjóði eða pósthöð sem innborgun á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Á greiðsluskjali skal koma fram nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans ásamt greiðslufjárhæð.

Með greiðslu, sbr. 2. mgr., sbr. þó 4. mgr., skal fylgja skilagrein í tvíriti frá launagreiðanda á þar til gerðu eyðublaði þar sem greint er nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans, svo og nafn og nafnnúmer launamannsins. Í skilagreininni skal fram tekið hvað greitt er í opinber gjöld fyrir hvern launamann. Hafi launagreiðandi greitt launamanni barnabætur fyrir hönd ríkissjóðs skal þess getið. Þá skal og þess getið hvort launamaður hafi afhent skattkort sitt til launagreiðanda og, ef svo er, hvort því fylgdi skattkort maka hans. Samtala opinberra gjalda að frádregnum endurgreiðslum barnabóta skal tilgreind.

Heimilt er þó launagreiðanda að senda skilagrein þá er um ræðir í 3. mgr. til skattstjóra. Frestur til að skila henni rennur þá út næsta virkan dag eftir eindaga hveðrar greiðslu, sbr. 5. mgr. Skilagreinin skal þá bera með sér, auk þess sem um ræðir í 3. mgr., upplýsingar um fjárhæð þá sem greidd var samkvæmt 1. mgr., hverjum hún var greidd, sbr. 2. mgr., og hvenær.

Gjaldtagi greiðslu samkvæmt 1. mgr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan fridag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi samkvæmt 41. gr.

30. gr.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar launagreiðenda, sbr. 29. gr., og gera á þeim þær leiðréttingar er þörf krefur. Skattstjóra ber að áætla greiðsluskylda fjárhæð þeirra launagreiðenda sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tímamarka samkvæmt 29. gr. og tilkynna launagreiðanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum.

31. gr.

Launagreiðandi ber ábyrgð á þeim opinberu gjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt ákvæðum 16.—22. gr. Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Launagreiðandi og launamaður bera hins vegar óskipta ábyrgð á vanteknum opinberum gjöldum.

32. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega þau gjöld sem honum ber að reikna út samkvæmt 28. gr.

Greiðsla samkvæmt 1. mgr. skal innt af hendi í banka, sparisjóði eða pósthöð sem innborgun á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Á greiðsluskjali skal koma fram nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans ásamt greiðslufjárhæð.

Með greiðslu, sbr. 2. mgr., skal fylgja skilgrein í tvíriti frá launagreiðanda þar sem greint er nafn hans, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer. Í skilgreininni skal koma fram stofn þeirra gjalda sem um ræðir í 5.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., og útreikningur á hverjum einstökum skatti eða gjaldi. Samtala allra umræddra skatta og gjalda skal tilgreind.

Heimilt er þó launagreiðanda að senda skilgrein þá er um ræðir í 3. mgr. til skattstjóra. Frestur til að skila henni rennur þá út næsta virkan dag eftir eindaga hverrar greiðslu, sbr. 5. mgr. Skilgreinin skal þá bera með sér, auk þess sem um ræðir í 3. mgr., upplýsingar um fjárhæð þá sem greidd var samkvæmt 1. mgr., hverjum hún var greidd, sbr. 2. mgr., og hvenær.

Gjaldalagi greiðslu samkvæmt 1. mgr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi samkvæmt 42. gr.

33. gr.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar launagreiðenda, sbr. 32. gr., og gera á þeim þær leiðréttingar er þörf krefur. Skattstjóra ber að áætla greiðsluskylda fjárhæð þeirra launagreiðenda sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tímamarka samkvæmt 32. gr. og tilkynna launagreiðanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum.

34. gr.

Sá aðili sem tekur við greiðslum samkvæmt 2. mgr. 29. gr. og samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skal senda það fé sem hann hefur mótttekið til innleggs á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands innan tveggja virkra daga frá móttöku-degi. Skilagreinar frá launagreiðendum samkvæmt 29. gr. og 32. gr., sem þessir aðilar hafa mótttekið, ásamt afriti af greiðslukvittun til greiðandans, skulu sendar til skattstjóra innan sömu tímamarka. Hafi skilagreinar eigi verið móttæknar af þessum aðilum frá greiðanda skulu þeir innan sömu tímamarka senda skattstjóra afrit af greiðslukvittun.

V KAFLI  
Stjórnun staðgreiðslu

35. gr.

Ríkisskattstjóri hefur á hendi framkvæmd laga þessara.

36. gr.

Ríkisskattstjóra ber m. a.

1. að gefa út viðmiðunarreglur samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 7. gr.,
2. að láta gera skattkort samkvæmt 2. mgr. 11. gr.,
3. að láta gera skatttöflur samkvæmt 15. gr.,
4. að gefa út mat, sem stuðst skal við á staðgreiðsluári, á þeim hlunnindum, öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs,
5. að ákvarða hámarkshundraðshluta samkvæmt 23. gr.,
6. að úrskurða mál samkvæmt 24. gr.,
7. að halda skrá um launagreiðendur samkvæmt 25.—27. gr.,
8. að gefa út reglur um ákvörðun gjaldstofna og gjaldskrár vegna þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 5.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., og launagreiðanda ber að reikna út samkvæmt 28. gr.,
9. að halda skrá sem sýnir greiðslustöðu launamanna og launagreiðenda á staðgreiðsluárinu,
10. að gera skrá að lokinni álagningu þeirra gjalda sem um ræðir í 10. gr., þar sem fram komi greiðslustaða hvers gjaldanda með hliðsjón af staðgreiðslu eða skuldajöfnun hans á gjöldum þessum, sbr. ákvæði VIII kafla,
11. að gefa út hvers konar reglur og leiðbeiningar fyrir launamenn og launagreiðendur um notkun gagna og eyðublaða vegna staðgreiðslu opinberra gjalda,
12. að láta gera öll eyðublöð, sem nauðsyn er á, fyrir launagreiðendur. Eyðublöð þessi skulu fást hjá skattyfirvöldum og hjá þeim aðilum sem heimild hafa til móttöku greiðslna samkvæmt IV kafla.

Ríkisskattstjóri skal setja skattstjórum framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum eftir því sem þörf krefur.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað öll atriði er varða gjald- eða skilaskyldu og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til, svo og kannað sérhver önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á að fá, m. a. frá skattstjórum, innheimtumönnum ríkissjóðs, gjaldheimtum, bönkum, sparisjóðum og pósthöðvum.

37. gr.

Skattstjórum ber m. a.

1. að gefa út ný skattkort ef tilefni er til þess, sbr. 3. mgr. 11. gr., og 3. og 4. mgr. 12. gr., svo og að gefa út aukaskattkort samkvæmt 3. mgr. 13. gr.,
2. að yfirfara skilagreinar og gera á þeim þær leiðréttingar er þörf krefur, svo og áætla greiðsluskylda fjárhæð samkvæmt 30. gr. og 33. gr. Greiðsluskylda fjárhæð skal tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs eða gjaldheimtu, sbr. 43. gr.,
3. að tilkynna skattránsóknarstjóra hafi hann grun um að veruleg brot hafi verið framin á lögum þessum.

38. gr.

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann

aðila sem beiðninni er beint til, eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldur þeirra aðila eða eftirlit með þeim.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn sem þeir fela skatteftirlitsstörf krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna samkvæmt 39. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir, svo og öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

#### 39. gr.

Skattrannsóknarstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar gjald- og skilaskyldur samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 4. tl. 37. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari grein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á gjald- eða skilaskyldum samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra.

#### 40. gr.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að setja reglur um sérstakt launabókhald launagreiðenda.

## VI KAFLI

### Viðurlög og málsmeðferð

#### 41. gr.

Séu greiðslur launagreiðanda samkvæmt 29. gr. eigi inntar af hendi á tilskildum tíma samkvæmt 5. mgr. 29. gr. skal hann sæta álagi til viðbótar upphæð skilafjárins eða til viðbótar því skilafé sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og greiðsluskyld fjárhæð því verið áætluð, sbr. 30. gr., nema launagreiðandi hafi greitt fyrir eindaga upphæð er til áætlunar svarar.

Álag á vanskilafé samkvæmt 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Fjögurra hundraðshluta (4%) álag af upphæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tuttugu og átta hundraðshlutar (28%).
2. Álag til viðbótar af upphæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Álag þetta skal vera hið sama og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Við útreikning á álagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi sá sami og eindagi greiðslu þess mánaðar sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri tímabila.

Sendi launagreiðandi fullnægjandi skilagrein innan 10 virkra daga frá tilkynningu skattstjóra samkvæmt 30. gr. skal hann greiða upphæð skilafjár samkvæmt skilagreininni ásamt álagi samkvæmt 2. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Komi í ljós að launagreiðanda, sem greiða átti skilafé, hafi ekki verið áætluð gjaldskyld fjárhæð, eða áætlun verið lægri en það skilafé sem honum bar að greiða, skal hann greiða hið gjaldskylda skilafé auk álags samkvæmt 2. mgr.

Fella má niður álag samkvæmt 2. mgr. ef launagreiðandi færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 7 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Heimilt er að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að skilagrein hans styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglna um sérstakt launabókhald sem settar hafa verið af fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 40. gr. Jafnframt er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að færsla á launum í bókhaldi, eða aðrir þeir þættir sem skilagrein á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn sem ákvæði reglna, settra samkvæmt 40. gr., mæla fyrir um eða ef bókhald og þau gögn sem liggja fyrir um gjaldskylda fjárhæð samkvæmt skilagrein verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á skilagreinum, sbr. 38. gr. Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

#### 42. gr.

Hafi greiðsla launagreiðanda samkvæmt 32. gr. eigi borist á tilskildum tíma samkvæmt 5. mgr. 32. gr. skal hann sæta álagi á vanskilafé fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir lok eindaga. Álag þetta skal vera hið sama og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og greiðsluskyld fjárhæð því verið áætluð, sbr. 33. gr., nema launagreiðandi hafi greitt fyrir eindaga upphæð er til áætlunar svarar.

Við útreikning á álagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi sá sami og eindagi greiðslu þess mánaðar sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri tímabila.

Sendi launagreiðandi fullnægjandi skilagrein innan 10 virkra daga frá tilkynningu skattstjóra samkvæmt 33. gr. skal hann greiða samkvæmt skilagreininni ásamt álagi samkvæmt 1. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Komi í ljós að launagreiðanda, sem greiða átti samkvæmt 32. gr., hafi ekki verið áætluð gjaldskyld fjárhæð, eða að áætlunin hafi verið of lág, skal hann greiða það sem honum bar auk álags samkvæmt 1. mgr.

Fella má niður álag samkvæmt 1. mgr. ef launagreiðandi færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 7 daga frá dagsetningu ákvörðunar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Heimilt er að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að skilagrein hans styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglna um sérstakt launabókhald sem settar hafa verið af fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 40. gr. Jafnframt

er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að færsla á launum í bókhaldi, eða aðrir þeir þættir sem skilagrein á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn sem ákvæði reglna, settra samkvæmt 40. gr., mæla fyrir um eða ef bókhald og þau gögn sem liggja fyrir um gjaldskylda fjárhæð samkvæmt skilagrein verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á skilagreinum, sbr. 38. gr. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

#### 43. gr.

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skulu innheimtumenn ríkissjóðs innheimta, eða gjaldheimtur sbr. lög nr. 68 27. apríl 1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í því umdæmi þar sem skuldari þeirra er heimilisfastur.

Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Skilafé og álag samkvæmt 41. gr. skal vera utan skuldaráðar í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Innheimtuaðili skal láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðenda, sem ekki gera fullnægjandi skil á skilafé eða álagi samkvæmt 41. gr., innan 15 daga talið frá eindaga eða frá því er honum barst tilkynning frá skattyfirvaldi um vanskil og álag með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Innheimtuaðili skal senda fé, er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessa kafla, til innleggs á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands innan tveggja virkra daga frá móttökudegi. Skilagrein um innheimtu skal senda innan sömu tímamarka til ríkisskattstjóra.

#### 44. gr.

Skýri skilaskyldur aðili, sbr. IV kafla þessara laga, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans, haldi eigi eftir eða afhendi eigi á lögmæltum tíma skilagreinar eða þær greiðslur vegna launamanns, sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt 16.—22. gr., sbr. 29. gr., skal hann auk vanskilafjár greiða sekt allt að tífadri þeirri fjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Álag samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 41. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt 25. gr. og 26. gr., misnotar skattkort það sem um ræðir í 2. mgr. 11. gr., sbr. 12.—14. gr., vanrækir þá skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt 40. gr., vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar gjalda- og skilaskyldu hans þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil skal hann sæta sektum allt að 50 000 kr., enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Launamaður, sem lætur greiða sér laun, vitandi um það að launagreiðandi hans hefur eigi haldið eftir af launum hans þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem skylt er samkvæmt lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar greiðslu- eða skilaskil vegna hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á nefnd skil, skal sæta sektum allt að 50 000 kr., enda liggi eigi við brotinum þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot á 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt er nemi allt að fjórfaldri þeirri skilagreiddslu sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Sé svo ástætt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt allt að 25 000 kr.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi gjalda- eða skilaskyldu annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 38. gr., skal greiða sekt allt að 100 000 kr. Sömu sekt skal sá sæta sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmáður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda hafi brotið verið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í III kafla almennra hegningarlaga, og varða slík brot sektum allt að 100 000 kr. nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

#### 45. gr.

Ríkisskattstjóri úrskurðar sektir samkvæmt 44. gr. nema málinu sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. Við meðferð mála hjá ríkisskattstjóra skal veita sakborningi færi á að taka til varna. Úrskurðir ríkisskattstjóra um sektir eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hans.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Ríkisskattstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattstjóra.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Greiðslukröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattstjóri úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 3. mgr. 43. gr. við innheimtu þeirra.

Sök samkvæmt 44. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

## VII KAFLI

### Skipting á innheimtufé staðgreiðslu

#### 46. gr.

Fyrir lok desembermánaðar næstan fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri ákvarða hlutföll skiptingar staðgreiddra opinberra gjalda samkvæmt 1.—4. tl. 1. gr. og 2. gr. eftir því sem við á á staðgreiðsluárinu. Innan fimm (5) virkra daga frá lokum hverrar almanaksviku á staðgreiðsluárinu skal ríkisskattstjóri hafa greitt rétthöfum þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1.—4. tl. 1. gr. og 2. gr. eftir því sem við á sem bráðabirgðagreiðslu áætlaðan hluta þeirra í þeirri staðgreiðslu hlutaðeigandi staðgreiðsluárs sem greidd var inn á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda í næstliðinni almanaksviku staðgreiðsluársins. Ríkisskattstjóri skal þó ætíð halda eftir þrem hundradshlutum (3%) af því fé sem greitt er öðrum rétthöfum þessara skatta og gjalda en ríkissjóði til að standa undir kostnaði við innheimtu þeirra og álagningu.

Innan sömu tímamarka og um ræðir í 1. mgr. skal ríkisskattstjóri hafa greitt rétthöfum þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 5.—9. tl. 1. gr. sem bráðabirgðagreiðslu þann hluta þessara skatta og gjalda sem greiddur var inn á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda í næstliðinni almanaksviku staðgreiðsluársins í samræmi við þær upplýsingar sem fram koma í skilgreinum, sbr. 3. mgr. 29. gr. Ríkisskattstjóri skal þó ætíð halda eftir þrem hundradshlutum (3%) af því fé sem greitt er öðrum rétthöfum þessara skatta og gjalda en ríkissjóði til að standa undir kostnaði við innheimtu þeirra og álagningu.



## VIII KAFLI

### Álagning skatta og gjalda og uppgjör staðgreiðslu

47. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt ákvæðum þeirra laga er um ræðir í 10. gr. skulu skattstjórar ákveða.

48. gr.

Þegar skattstjórar hafa lokið ákvörðun og álagningu þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 47. gr., sbr. 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þeir senda ríkisskattstjóra skrá um þessa álögdðu skatta og gjöld sem nefnd skal álagningarskrá.

Að móttækinni álagningarskrá samkvæmt 1. mgr. skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu hvers gjaldanda með samanburði á álagningarskrá og skrá um staðgreiðslu á staðgreiðsluárinu.

49. gr.

Yfir þá gjaldendur sem reynast skulda skatta og gjöld, sbr. 2. mgr. 48. gr., skal ríkisskattstjóri gera innheimtuskrá sem sýni vangoldna skatta þeirra og gjöld, að teknu tilliti til skuldajöfnunar milli hjóna samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 50. gr., sbr. ákvæði 1. og 2. másl. 1. mgr. 56. gr.

Innheimtuskrá fyrir innheimtumenn ríkissjóðs skal taka til skatta og gjalda samkvæmt 1. tl. og 3.—12. tl. 10. gr. Enn fremur til annarra skatta og gjalda samkvæmt síðar settum lögum sem skattstjórum ber að leggja á og innheimtumönnum ríkissjóðs að innheimta samkvæmt ákvæðum þeirra. Skattar þessir og gjöld skulu einu nafni nefnast þinggjöld.

Innheimtuskrá fyrir innheimtumenn sveitarsjóða skal taka til skatta og gjalda samkvæmt 2. tl. 10. gr. Enn fremur til annarra skatta og gjalda samkvæmt síðar settum lögum sem skattstjórum ber að leggja á og innheimtumönnum sveitarsjóða að innheimta samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Skattar þessir og gjöld skulu nefnast einu nafni sveitarsjóðsgjöld.

Þar sem um er að ræða sameiginlega gjaldheimtu skal innheimtuskráin ná bæði til þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda.

Innheimtuskrá fyrir félagsmálaráðuneytið skal taka til landsútsvars samkvæmt 13. tl. 10. gr.

50. gr.

Yfir þá gjaldendur sem reynast eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu að lokinni skuldajöfnun milli hjóna samkvæmt ákvæðum 1. og 2. másl. 1. mgr. 56. gr., sbr. og 1. mgr. 49. gr., skal ríkisskattstjóri gera endurgreiðsluskrá.

Áður en til endurgreiðslu eftirstöðva til gjaldanda kemur skal ríkisskattstjóri senda endurgreiðsluskrána til innheimtumanns ríkissjóðs til stuðnings kröfu hans um skuldajöfnun móti ógoldnum eftirstöðvum þinggjalda fyrri ára eða til stuðnings kröfu um skuldajöfnun slíkra eftirstöðva milli hjóna, sbr. ákvæði 1. og 2. másl. 1. mgr. 56. gr. Reynist krafa innheimtumanns ríkissjóðs rétt skal ríkisskattstjóri annast greiðslu skuldajöfnunarkröfunnar. Verði enn inneign hjá gjaldanda skal ríkisskattstjóri senda nýja eftirstöðvaskrá til innheimtumanna sveitarsjóða þeim til stuðnings við kröfu um skuldajöfnun móti ógoldnum eftirstöðvum sveitarsjóðsgjalda fyrri ára eða til stuðnings kröfu um skuldajöfnun slíkra eftirstöðva milli hjóna, sbr. ákvæði 1. og 2. másl. 1. mgr. 56. gr. Reynist krafa innheimtumanns sveitarsjóðs rétt skal ríkisskattstjóri annast greiðslu skuldajöfnunarkröfunnar. Verði inneign hjá gjaldanda að svo búnu skal ríkisskattstjóri annast endurgreiðslu á inneign hans.

Við kröfugerð innheimtumanna samkvæmt 2. mgr. skal einungis reikna dráttarvexti til loka næsta árs á undan endurgreiðslu. Endurgreiðsla sem ríkisskattstjóri skal annast samkvæmt síðasta másl. 2. mgr. skal greidd ásamt einum tólfta ( $\frac{1}{12}$ ) hluta ársvaxta af innlánnum á

almennum sparisjóðsbókum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar á endurgreiðsluári.

51. gr.

Að lokinni gerð innheimtuskráa, sbr. 49. gr., skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu rétthafa þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 10. gr. með hliðsjón af bráðabirgðagreiðslum til þessara aðila samkvæmt 46. gr. Að því loknu skal hann greiða þeim það innheimtufé sem þeir eiga tilkall til eða krefja þá um það innheimtufé sem þeim ber að standa skil á.

## IX KAFLI

### Um innheimtu og ábyrgð

52. gr.

Þinggjöld samkvæmt innheimtuskrá, sem gerð er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., renna til rétthafa þeirra skatta og gjalda sem í skránni greinir og hafa lögreglustjórar eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, á hendi innheimtu þeirra.

Nú er þinggjöldum breytt til hækkunar samkvæmt ákvæðum 97. gr., sbr. 96. gr., 99. gr., 100. gr. og 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að hafa á hendi innheimtu þessara hækkana og standa skil á þeim til rétthafa þeirra. Nú er þinggjöldum breytt til lækkunar samkvæmt greindum ákvæðum og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að annast endurgreiðslu.

53. gr.

Sveitarsjóðsgjöld samkvæmt innheimtuskrá, sem gerð er samkvæmt 3. mgr. 49. gr., renna til viðkomandi sveitarsjóðs og hafa innheimtumenn sveitarsjóða eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, á hendi innheimtu þeirra.

Nú er sveitarsjóðsgjöldum breytt til hækkunar samkvæmt ákvæðum 97. gr., sbr. 96. gr., 99. gr., 100. gr. og 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að hafa á hendi innheimtu þessara hækkana. Nú er sveitarsjóðsgjöldum breytt til lækkunar samkvæmt greindum ákvæðum og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að annast endurgreiðslu.

54. gr.

Gjalddagi þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem um ræðir í 1. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr., skal vera 1. dagur næsta mánaðar eftir gerð innheimtuskráa samkvæmt 49. gr.

Gjalddagi þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem um ræðir í 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 53. gr., skal vera 1. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar um breytingu gjaldanna.

Áfrýjun skatt- eða gjaldaákvörðunar eða deila um skatt- eða gjaldskyldu frestar hvorki gjalddaga þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu. Víkja má frá ákvæði þessu að ákvörðun ríkisskattstjóra ef sérstaklega stendur á.

55. gr.

Séu þinggjöld eða sveitarsjóðsgjöld ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú er þinggjöldum eða sveitarsjóðsgjöldum breytt til lækkunar, sbr. 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 53. gr., og í ljós kemur að gjaldandi hefur greitt meira en honum bar og skal þá endurgreiða honum það sem ofgreitt var ásamt 1½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

#### 56. gr.

Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr. og 1. mgr. 63. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda sem á þau eru lögð og getur innheimtumaður krafist hvort um sig um greiðslu á þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum þeirra beggja. Sama gildir um ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda hjá karli og konu sem búa saman í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegra réttinda og hjónum sem samvistum eru, sbr. 3. mgr. 63. gr. greindra laga. Þeir sem hafa á hendi fjárforræði ólöggráða manna bera ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þeirra. Eigendur sameignarfélags sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þess. Erfingjar í dánarbúi sem skipt er einkaskiptum bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda hins látna og dánarbúsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þessara lögaðila.

Þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- og dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þeirra. Þeir sem greiða aðilum sem ekki eru heimilisfastir hér á landi gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur, sem um er rætt í 1., 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, bera ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda viðtakenda þessara greiðslna.

Óheimilt er að slíta félagi fyrr en öll þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld hafa verið greidd að fullu fyrir allan starfstíma þess.

Gera má lögtak hjá þeim sem ábyrgð ber á þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum til tryggingar þeim þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Fjármálaráðherra er heimilt að krefjast þess að aðilar sem um ræðir í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt setji tryggingu fyrir væntanlegum þinggjöldum sínum og sveitarsjóðsgjöldum, svo og fyrir greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir, sbr. 2. mgr.

## X KAFLI

### Ýmis ákvæði

#### 57. gr.

Allar tilkynningar, skilagreinar og skýrslur sem gera skal samkvæmt lögum þessum skal hlutaðeigandi aðili láta í té ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Launagreiðendur skulu annast allar skyldur sínar samkvæmt lögum þessum án endurgjalds.

#### 58. gr.

Verði um að ræða verulegar almennar launabreytingar á staðgreiðsluárinu hefur fjármálaráðherra heimild til að breyta vísitölu staðgreiðsluársins, sbr. 3. mgr. 15. gr., vegna þessa á sjálfu staðgreiðsluárinu.

#### 59. gr.

Taki gildi á staðgreiðsluárinu lög sem falla innan ákvæða 2. gr. eða fjármálaráðherra beitir heimild sinni samkvæmt 58. gr. ber ríkisskattstjóra að gera nýjar skatttöflur fyrir launagreiðendur, sbr. 15. gr.

60. gr.

Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur sett sérstök lög um gildistöku þeirra.

### **Ákvæði til bráðabirgða**

Um innheimtu ógoldinna þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem á voru lögð fyrir gildistöku þessara laga, skulu gilda innheimtuákvæði laga nr. 75 14. september 1981 um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum, svo og innheimtuákvæði þeirra annarra laga sem um ræðir í 10. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### **Inngangur**

Frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem hér er lagt fyrir Alþingi, var boðað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsen frá 8. febrúar 1980 og í stefnu-ræðu forsætisráðherra á Alþingi hinn 23. október 1980.

**Gildissvið staðgreiðslu.** Með frumvarpi þessu er lagt til að upp verði tekin staðgreiðsla þeirra opinberra gjalda sem best falla að slíku kerfi. Til þess að skattur falli vel að staðgreiðslu þarf annað hvort að liggja ljóst fyrir jafnharðan og skattstofninn myndast hver endanleg gjöld verði á hann lögð, eins og t. d. er um launatengd gjöld, eða a. m. k. verður að vera unnt að áætla það að gefnum vissum líklegum forsendum eins og t. d. er um tekjuskatta af launatekjum og öðrum tekjum sem vænta má að streymi nokkuð reglulega til móttakanda.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að staðgreiðslan nái til tekjuskatts, útsvars, kirkju-garðsgjalds og sóknargjalds, hér gefið samnefnið „tekjuskattar“, af ákveðnum hluta skatt-skyldra tekna manna, svo og til greiðslu launatengdra gjalda hjá launagreiðendum.

Hins vegar er gert ráð fyrir að utan kerfisins falli þeir skattar sem tæknilega erfitt er að ákveða staðgreiðslu vegna og líklegt er að skapa mundu vandræði við framkvæmd staðgreiðslunnar, svo sem tekjuskattur félaga, eignarskattur bæði manna og félaga, vissir tekju-þættir manna til tekjuskatta, aðstöðugjald o. fl.

**Staðgreiðsluaðferð.** Ákvörðun staðgreiðslufjárhæðar er engum örðugleikum háð varðandi þau gjöld sem endanlega liggja fyrir jafnharðan og skattstofninn myndast. Staðgreiðsla launatengdra gjalda felst einfaldlega í því að launagreiðendum er gert að skila lögboðnum gjöldum og sköttum af launagreiðslum sínum innan tiltölulega skamms tíma frá því að launagreiðslur eiga sér stað.

Varðandi þá tekjuskatta manna sem undir staðgreiðsluna falla er málið ekki eins einfalt. Áætla þarf með einhverjum hætti tekjuskatta af launagreiðslum og öðrum tekjuþáttum jafnóðum og þeir myndast. Þar sem tekjuskattar eru lagðir á að loknu tekjutímabilinu eftir stighækkandi skattstiga er ljóst að slík áætlun er ekki auðveld.

Með öðrum þjóðum hafa ýmsar aðferðir verið reyndar til að framkvæma þessa áætlun. Nákvæmasta niðurstöðu gefur hin svonefnda „samsöfnunarregla“ en hún hentar ekki við aðstæður hér á landi þar sem byggt er á kerfi stighækkandi tekjuskatts.

Svonefnd „einföld regla“ staðgreiðslu er yfirleitt notuð í þeim löndum sem búa við svipað skattkerfi og er hér á landi. Regla þessi hefur verið notuð á tvo mismunandi vegu og er hér lagt til að sú aðferð verði upp tekin sem tðkast hefur í Vestur-Pyskalandi og Banda-ríkjunum. Reglan byggist á skatttöflum og skattkortum eins og nánar er lýst í I kafla hér á eftir.

**Stjórn staðgreiðslukerfis.** Óhjákvæmilegt er að staðgreiðsla allra þeirra gjalda er frumvarpið tekur til sé undir stjórn eins og sama aðila. Er í frumvarpinu lagt til að yfirstjórn kerfisins verði í höndum ríkisskattstjóra en ekki er gert ráð fyrir breytingu á því hverjir annast álagningu opinberra gjalda eða innheimtu eftirstöðva staðgreiðslugjalda og þeirra gjalda er utan kerfisins falla.

**Gildistaka.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, verði það að lögum, að sérstaka ákvörðun Alþingis þurfi til að þau öðlist gildi og komi til framkvæmda. Er þetta nýmæli í íslenskri löggjöf en hefur tíðkast nokkuð með grannþjóðum vorum. Ástæða þessa er sú að á þessu stigi er örðugt að fullyrða með nokkurri vissu hvenær undirbúningi að framkvæmd staðgreiðslu ljúki ef frumvarp þetta verður að lögum en undirbúningstími yrði væntanlega 1—2 ár frá samþykkt frumvarps þessa en óhjákvæmilega þarf staðgreiðsla að hefjast við upphaf almanaksárs. Áður en staðgreiðsla opinberra gjalda kemur til framkvæmda er nauðsynlegt að breyta fjölmörgum ákvæðum laga um þá skatta sem staðgreiðslan á að ná til, svo og ýmsum ákvæðum annarra laga. Þá er nauðsynlegt að setja sérstök lög um hvernig með skuli fara skattlagningu á tekjum manna á síðasta tekjuári áður en staðgreiðsla kemur til framkvæmda.

### I Um staðgreiðslu tekjuskatta manna

Staðgreiðsla tekjuskatta manna (sbr. þó 7. tl.) er takmörkuð við tekjuskatta af ákveðnum hluta skattskyldra tekna þeirra eða af þeim hluta skattskyldra tekna þeirra (sbr. þó 7. tl.) er hér greinir:

1. Af endurgjaldi launamanns fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda, þ. e. a. s. af skattskyldum tekjum samkvæmt 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna og skiptir ekki máli í því sambandi hvort launamaðurinn er skattskyldur samkvæmt 1. gr. eða 1. tl. 3. gr. þeirra. Hér með teljast greidd eftirlaun og lífeyrir, svo sem bóta- og lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum, þó ekki sjúkra- og slysadagpeningar, og bóta-, eftirlauna- og lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum, eftirlauna- og tryggingasjóðum eða frá öðrum aðilum og stofnunum.
2. Af endurgjaldi sem manni ber að reikna sér, maka sínum og börnum, innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, vegna starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi mannsins eða af öðrum ástæðum samkvæmt 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna.
3. Af skattskyldum tekjum manna samkvæmt 2. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna en til þeirra teljast allar tryggingabætur (þó ekki eftirlaun og lífeyrir, sbr. 1. tl.), skaðabætur og váttryggingarfé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og váttryggingarbætur sem ekki eru undanþegnar skattskyldu samkvæmt 2. tl. 28. gr. þeirra. Sem dæmi má nefna atvinnuleysistryggingabætur, sjúkra- og slysadagpeninga frá almannatryggingum og sjúkrasamlögum, greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóðum stéttarféлага og frá sérhverjum öðrum sjóðum og stofnunum, þ. m. t. váttryggingarfélög, og endurgreiðslur iðgjalda, t. d. úr lífeyrissjóðum, eftirlauna- og tryggingarsjóðum og frá váttryggingarfélögum. Enn fremur teljast hér með skattskyldir styrkir og styrktarfé, þ. m. t. framfærslustyrkir.  
Hins vegar er ekki ráðgert að skattskyldur hluti meðlaga og framfærslulífeyris falli innan staðgreiðslu tekjuskatta.
4. Af skattskyldum tekjum manna samkvæmt 3. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna en til þeirra telst endurgjald til höfunda og réttthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu.
5. Af skattskyldum tekjum manna samkvæmt 1. másl. 4. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna en til þeirra teljast verðlaun og heiðurslaun, vinningar í veðmáli (t. d. veðhlaupum), keppni

(t. d. bingókeppni), í happdrætti og getraunum, sem ekki eru undanþegnir skattskyldu og skiptir eigi máli í hverju þessar tekjur eru fólgnar ef til peninga verður metið.

Hins vegar er ekki ráðgert að skattskyldur hluti gjafa falli innan staðgreiðslu tekjuskatta.

6. Af skattskyldum tekjum erlendis búsettra manna, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 2. tl. 3. gr. skattalaganna, en til þeirra teljast eða gætu talist sams konar eða svipaðar tekjur og um er rætt í 1., 3. og 5. tl. hér að framan.
7. Af skattskyldum tekjum erlendis búsettra *manna, svo og annarra aðila*, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 3., 6. og 7. tl. 3. gr. skattalaganna, en til þeirra teljast greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi (3. tl. 3. gr.), tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum (sbr. t. d. tekjur sem um er rætt í 4. tl. hér að framan) eða sérþekkingu (6. tl. 3. gr.) eða tekjur af íslenskum hlutabréfum, stofnbrefum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði eða af rekstri íslenskra fyrirtækja (7. tl. 3. gr.).

Samkvæmt frv. fer um ákvörðun fjárhæðar staðgreiðslu tekjuskatta manna eftir svo-nefndri „einfaldri reglu“ staðgreiðslu.

Við ákvörðun fjárhæðar staðgreiðslu tekjuskatta manna af tekjum þeim er um ræðir í 1. og 2. tl. hér að framan er heildarfrádrætti og rétti launamanns til barnabóta skipt niður á ákveðin tímabil sem fylgja tímabilum launagreiðslna. Við hverja launagreiðslu heldur launagreiðandi eftir af launamanninum þeim tekjuskatti sem launagreiðslan segir til um (eða endurgreiðir honum barnabætur ef svo ber við). Launamaður fær skattkort (sbr. 11. og 12. gr. frv.) fyrir upphaf hvers staðgreiðsluárs þar sem fram koma þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að ákvarða staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu. Skattkort launamannsins verður í vörslu launagreiðanda hans (sbr. 13. og 14. gr. frv.). Launagreiðandi fær auk þess í hendur skatttöflur (sbr. 15. gr. frv.) þar sem fram koma upphæðir staðgreiðslu sem honum ber að halda eftir af launamanninum eða fjárhæð barnabóta sem honum ber að endurgreiða launamanninum með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram koma á skattkorti launamannsins. Skatttöflurnar eru byggðar upp á ýmsum ákvæðum skattalöggjafar varðandi persónuafslátt og persónufrádrátt og frádrátt frá tekjum, að teknu tilliti til réttar til barnabóta og skuldajöfnunar útsvars, kirkjugarðsgjalds og sóknargjalds. Litið er sjálfstætt til hvernar einstakrar launagreiðslu til launamannsins (sbr. 16. gr. frv.), þ. e. án tillits til fyrri launagreiðslna og staðgreiðslu tekjuskatta hans, en þetta felur í sér í reynd að staðgreiðslan við hverja einstaka launagreiðslu er við það miðuð að launamaðurinn hafi sömu laun á öðrum greiðslutímabilum staðgreiðsluársins. Frá þessu geta þó verið ákveðin frávik (sbr. 17.—19. gr. frv.), t. d. vegna uppgjörs aflahluta og ákvæðisvinnu eða vegna þess að launamaðurinn hefur ekki lagt skattkort sitt inn til vörslu hjá launagreiðandanum (sbr. 20. gr. frv.). Á þessari reglu er byggð staðgreiðsla launamanna í Bandaríkjunum og Vestur-Pýskalandi og hefur reynst vel. Regla þessi er mjög frábrugðin reglum um staðgreiðslu tekjuskatta manna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Í flestum ef ekki nær öllum tilvikum mun skattkort launamanns ekki vera til staðar við greiðslur launagreiðanda á þeim skattskyldum tekjum sem um ræðir í 3.—7. tl. hér að framan. Því má gera ráð fyrir að fjárhæð staðgreiðslu tekjuskatta af þeim tekjum muni nær alfarið verða ákveðinn hundradshluti þessara tekna (sbr. 21. og 22. gr., sbr. og 23. gr. frv.).

## II Um staðgreiðslu launatengdra gjalda

Fjárhæð þeirra launatengdu gjalda sem launagreiðendum bæri að greiða, sbr. 5.—9. tl. 1. gr. frv., er mjög auðvelt að ákvarða, þar sem stofn gjaldanna á að vera þekktur í lok hvers almanaksmánaðar á staðgreiðsluárinu. Auðsæ er fylgni launagreiðslna og launatengdra gjalda. Stofn þessara gjalda liggur ljós fyrir á sama tíma og launastofn við ákvörðun stað-

greiðslu tekjuskatta manna. Af heildarfjárhæð launatengdra gjalda er launaskattur (5. tl. 1. gr. frv.) staðgreiðsluskattur samkvæmt gildandi lögum um launaskatt og hefur undanfarin ár myndað um eða yfir helming þessara gjalda.

### III Um skil á staðgreiðslu

Samkvæmt frv. mun launagreiðandi standa skil á því fé sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir sem staðgreiðslu tekjuskatta launamannsins, svo og standa skil á eigin greiðslum launatengdra gjalda með greiðslu í banka, sparisjóði eða pósthóð sem innborgun á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Staðgreiðsla opinberra gjalda sem slík mun ekki annast neina aðra innheimtu opinberra gjalda en þann hluta þeirra sem fellur innan gildissviðs staðgreiðslunnar skv. I kafla frv.

Innheimta þeirra opinberu gjalda, sbr. 10. gr. frv., sem eru utan gildissviðs staðgreiðslunnar, svo og innheimta mismuna sem myndast sem viðbótarinnheimta milli staðgreiddra tekjuskatta manna og launatengdra gjalda launagreiðanda við álagningu þeirra, verður alfarið í höndum sömu aðila og nú annast innheimtu opinberra gjalda, sbr. VIII kafla frv. Ljóst má vera af ákvæðum þessa kafla frv. að innheimtumenn opinberra gjalda munu ekki hafa heimild til kröfugerðar á hendur launagreiðendum fyrir vangoldnum tekjusköttum eða öðrum opinberum gjöldum launamanna í þjónustu þeirra, enda hafi launagreiðandinn framfylgt öllum ákvæðum frv. þessa um staðgreiðslu tekjuskatta launamannsins.

Frumvarp þetta er í höfuðatriðum samið með hliðsjón af gildandi ákvæðum þeirra laga sem vitnað er til í 1.—9. tl. 1. gr. frv., svo og 10. gr. þess, að undanteknum ákvæðum þessara laga um innheimtu skatta og gjalda sem alfarið eru felld inn í frv. þetta. Meginfrávik frá gildandi lögum sem fram koma í þessu frv. eru þess efnis að

1. gert er ráð fyrir því að ríkisskattstjóri annist gerð innheimtuskráa fyrir innheimtumenn ríkissjóðs og sveitarsjóða svo og fyrir félagsmálaráðuneytið, sbr. VIII kafla frv.,
2. gert er ráð fyrir því að svonefndum ónýttum persónuafslætti megi ráðstafa til greiðslu sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds manna, sbr. 2. mgr. 11. gr. frv. auk gildandi ákvæða skattalaganna um ráðstöfun hans, og
3. gert er ráð fyrir því að ákvæðum laga nr. 36/1948 um sóknargjöld verði breytt á þann veg að sóknargjald reiknist sem hundraðshluti af álögðum útsvörum, sbr. 4. tl. 1. gr. frv. Sem „nefskattur“ samkvæmt gildandi ákvæðum laga um sóknargjöld getur gjaldið ekki fallið innan gildissviðs staðgreiðslu.

Ljóst má vera að áður en sérstök lög um gildistöku þessa frv. sem laga, sbr. 60. gr., eru sett, eða jafnframt setningu þeirra, er óhjákvæmilegt að breyta mjög mörgum atriðum í þeim lögum sem um er rætt í 10. gr. frv. Þar má sérstaklega nefna nauðsynlegar breytingar á skatt- og gjaldstigum þessara laga að því er varðar þann hluta þeirra sem fellur innan gildissviðs staðgreiðslunnar, sbr. 1.—9. tl. 1. gr. Enn fremur má nefna að nauðsynlegt verður að setja ákvæði um hvernig með skuli fara um greiðslu tekjuskatta manna af þeim tekjubáttum sem falla utan gildissviðs staðgreiðslunnar því að augljóst er að þessar greiðslur verða að taka breytingum með hliðsjón af því að þær eru greiddar á álagningarári en ekki á staðgreiðsluári. Svo og samræmingu á hugtakinu „laun“ eða „launagreiðslur“ í þeim lögum sem um er að ræða, sbr. 5.—9. tl. 1. gr.

Enn fremur er nauðsyn á sérstakri löggjöf um hvernig með skuli fara þann hluta álagningar og innheimtu þeirra opinberu gjalda sem falla innan gildissviðs staðgreiðslunnar sem samkvæmt ákvæðum gildandi laga ætti fram að fara á sama ári og staðgreiðsla þessara opinberu gjalda tæki gildi.

Svo og mun reynast óhjákvæmilegt að breyta ýmsum ákvæðum annarra laga svo sem laga um almannatryggingar og laga um ýmsa lifeyrissjóði, vegna ákvæða þeirra laga þess

efnis að ekki sé heimilt að innheimta opinber gjöld af bóta- og lífeyrisgreiðslum þessara aðila. Æskilegt væri að sú breyting yrði gerð á ákvæðum laga um iðgjöld til atvinnuleysis-trygginga að þau miðuðust við ákveðinn hundradshluta af launum í stað ákveðins vikugjalds, svo og, ef fært þætti, að breyta lögum um lögheimili og þjóðskrá og almannaskráningu þannig að viðmiðun heimilisfesti yrði 1. nóv. í stað 1. des., til þess að veita frekara svigrúm til útgáfu skattkorta, sbr. 2. mgr. 11. gr. frv.

Af framangreindu er ljóst að utan gildissviðs staðgreiðslu skv. I kafla frv. verða eftirtalin gjöld:

1. Tekjuskattar manna að því er tekur til
  - a. skattskyldra meðlaga og framfærslulífeyris (sbr. 2. mgr. 3. tl. I) og gjafa (sbr. 2. mgr. 5. tl. I),
  - b. skattskyldra tekna af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi samkvæmt B-lið 7. gr. skattalaganna, sem eru umfram reiknað endurgjald (sbr. 2. tl. I),
  - c. skattskyldra tekna samkvæmt C-lið 7. gr. skattalaganna og
  - d. skattskyldra tekna samkvæmt 4., 5. og 8. tl. 3. gr. skattalaganna.
2. Tekjuskattar annarra aðila en manna af öllum skattskyldum tekjum hverju nafni sem nefnast samkvæmt ákvæðum skattalaganna, þó að undanteknum skattskyldum tekjum samkvæmt 3., 6. og 7. tl. 3. gr. skattalaganna (sbr. 7. tl. I).
3. Öll önnur opinber gjöld manna og annarra aðila en tekjuskattar manna og launatengd gjöld launagreiðenda, sbr. 10. gr. frv.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

## I KAFLI

Um 1. og 2. gr.

Hér eru taldir upp í 9 töluliðum þeir skattar og gjöld sem staðgreiða ber og falla því innan gildissviðs staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sköttum og gjöldum samkvæmt 1.—4. tl. má gefa samnefnið „tekjuskattar“ þar sem grunnur þeirra er í reynd byggður á skattskyldum tekjum (1. tl.) og útsvarsskyldum tekjum (2.—4. tl.).

Sköttum og gjöldum samkvæmt 5.—9. tl. má gefa samnefnið „launatengd gjöld“ þar sem grunnur þeirra er byggður á launagreiðslum launagreiðenda þótt í mismunandi mæli sé hvaða laun eða hluti launa séu skatt- eða gjaldskyld.

Um 2.—4. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

## II KAFLI

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er skilgreint hverjir teljast launamenn samkvæmt frv., sbr. nánar í athugasemdum um 7. gr.



#### Um 7. gr.

Staðgreiðsla fyrir hönd launamanns, sem launagreiðandi skal sjá um, skiptist í meginatriðum í fjóra þætti.

Samkvæmt 1. mgr. er um að ræða launamann sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð eða á vegum launagreiðanda og skattskyld er hjá launamanninum samkvæmt 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna. Samkvæmt úrvinnslu framtala ársins 1981 má ætla að fjöldi launamanna nemi rúmum 133 þús. Af þessum fjölda eru tæplega 9 þús. börn innan 16 ára aldurs, rúm 13 þús. sem jafnframt því að vera launamenn hafa tekjur af reiknuðu endurgjaldi vegna atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, rúm 11 þús. sem jafnframt njóta elli- eða örorkulífeyris og tæp 9 þús. sem jafnframt njóta eftirlauna. Sem launamenn teljast að auki um 12 þús. menn sem njóta elli- og örorkulífeyris og eftirlauna, án þess að þeir afli launatekna. Enn fremur teljast hér með að auki 2—3 þús. menn, sem launamenn, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. tl. 3. gr. skattalaganna. Innan ramma þessarar málsgreinar má því ætla að til hefðu fallið 147—148 þús. framteljendur sem launamenn á einn eða annan hátt á tekjuárinu 1980.

Samkvæmt 2. mgr. er um að ræða endurgjald sem manni ber að reikna sér, maka sínum eða barni innan 16 ára aldurs, vegna starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi samkvæmt 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna. Samkvæmt úrvinnslu framtala 1981 var fjöldi þeirra manna einna sér eða ásamt mökum sínum sem höfðu með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á tekjuárinu 1980 rúmlega 19 þús. Af þessum fjölda eru taldir með sem launamenn samkvæmt 1. mgr. rúmlega 13 þús. Áætla má því að sem launamenn samkvæmt þessari málsgrein hefðu fallið til um 6 þús., auk tæplega 1 þús. barna innan 16 ára, á tekjuárinu 1980.

Samkvæmt 3. mgr. er um að ræða menn sem hafa skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 2. og 3. tl., svo og 1. másl. 4. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna. Launamenn í þessu sambandi teljast allir þeir sem fá greiddar skattskyldar tryggingabætur (aðrar en eftirlaun og líffeyri), styrki, skaðabætur og váttryggingabætur, sbr. greindan 2. tl., eða fá greitt endurgjald fyrir afnot eða sölu hvers konar hugverka, bókmennta og lista eða listaverka, sbr. greindan 3. tl., svo og þeir sem hljóta verðlaun, heiðurslaun eða skattskylda vinninga í happdrætti, veðmáli eða keppni, sbr. greindan 1. másl. 4. tl.

Samkvæmt 4. mgr. er um að ræða aðila sem fá greiðslu eða móttaka verðmæti sem skattskyld eru samkvæmt 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. skattalaganna.

Áætla má að fjöldi manna, sbr. 1., 2. og 3. mgr., og aðila, sbr. 4. mgr., sem hefðu fallið innan ramma þessarar greinar sem launamenn á tekjuárinu 1980 nemi 156—158 þús.

#### Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Þó má geta þess að áætla má að fjöldi launagreiðenda verði á bilinu 16—18 þús. Er þá tekið mið af úrvinnslu launaframtala 1981 vegna greiddra launa á árinu 1980.

#### Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

#### Um 10. gr.

Eins og fram kemur í 1.—4. tl. 1. gr. nær staðgreiðsla tekjuskatta manna til ákveðins hluta skattskyldra tekna þeirra, en staðgreiðsla launatengdra gjalda skv. 5.—9. tl. 1. gr. nær hins vegar til þessara gjalda í heild. Samkvæmt 5. gr. er staðgreiðslan eingöngu bráðabirgðagreiðsla þessara skatta og gjalda á sjálfu tekjuárinu (staðgreiðsluárinu).

Að tekjuári loknu þarf fram að fara ákvörðun og álagning þeirra skatta og gjalda sem hér um ræðir. Í síðustu málsgrein er þó gert ráð fyrir því að ekki fari fram álagning og

ákvörðun tekjuskatta þar greindra aðila heldur verði tekjuskattsgreiðsla, ákvörðuð samkvæmt 2. tl. 71. gr. skattalaganna, endanleg ákvörðun tekjuskatta þeirra.

Um nánari skýringar á þessari grein vísast til skýringa við VIII kafla frv.

### III KAFLI

#### Um 11. gr.

Gerð skattkorta og útsendingu þeirra til launamanna þarf að vera lokið fyrir upphaf staðgreiðsluárs til þess að launamaðurinn hafi skattkort sitt handbært til afhendingar hjá launagreiðanda sínum strax við upphaf þess. Til þess að unnt sé að ná þessu tímamarki verður að byggja á frumgerð þjóðskrár hinn 1. des. þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Frá gerð þjóðskrár til loka ársins má vænta ýmissa breytinga á fjölskyldum sumra launamanna vegna giftingar, skilnaðar, barnsfæðinga eða dauðsfalla. Í 3. mgr. er rætt um hvernig þessum leiðréttingum verði fyrir komið þannig að skattkort launamannsins beri með sér réttar upplýsingar um fjölskyldu hans við lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Á sjálfu staðgreiðsluárinu verður hins vegar engin breyting gerð á skattkorti launamannsins vegna breytinga á fjölskyldu hans á því ári. Fæðing barns á staðgreiðsluárinu myndi því ekki veita launamanni rétt til barnabóta vegna barnsins á staðgreiðsluárinu sjálfu. Aftur á móti mun hann fá barnabætur greiddar fyrir barnið á því ári sem það verður 16 ára.

Útgáfa á ígildi skattkorta, sbr. 4. másl. 2. mgr. þessarar greinar frv., er nauðsynleg þar sem til greina getur komið að sumar tegundir tekna sem skattskyldar eru samkvæmt 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. skattalaganna muni ekki verða skattskyldar hér á landi eða skattskyldar með öðrum hundradshluta en ákvarðaður verður í 2. og 3. tl. 71. gr. skattalaganna vegna ákvæða í samningum sem gerðir hafa verið við önnur lönd til þess að koma í veg fyrir tvísköttun tekna og eigna.

#### Um 12. gr.

Við gerð skatttaflna, sbr. 2. mgr. 15. gr. frv., verður reiknað með svonefndum fastafrádrætti, sbr. 2. mgr. 30. gr. skattalaganna. Sumir launamenn gætu talið sig eiga rétt til hærri frádráttar en umrædds fastafrádráttar fyrst og fremst vegna vaxtabyrði þeirra og greiddrar húsaleigu á staðgreiðsluárinu. Í þessari grein eru því ákvæði er heimila að sækja um og veita frávik frá fastafrádrætti með viðbótarfrádrætti fyrir þá launamenn sem af þessum ástæðum sæta sannanlega hærri staðgreiðslu samkvæmt skattöflum en eðlilegt má teljast.

#### Um 13. og 14. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

#### Um 15. gr.

Gerð skatttaflna og útsendingu þeirra til launagreiðenda þarf að vera lokið fyrir upphaf staðgreiðsluárs svo að þær séu handbærar fyrir lok fyrsta greiðslutímabils á staðgreiðsluári.

Skatttöflurnar myndu byggja á ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1.—4. tl. 1. gr., sbr. 2. gr. frv. eftir því sem við á, þ. e. um tekjuskatta, þó með ákveðnum frávikum að því er varðar útsvar, kirkjugarðsgjald og sóknargjald. Við athugun á álagningu útsvara á gjaldárinu 1981 kemur í ljós að 147 sveitarfélög af 224, eða 65,6% þeirra, notuðu álagningarhundraðshlutana 11%, 11,5%, 11,55%, 11,88%, 12% og 12,1%. Þessir álagningarhundraðshlutar náðu til 126 918 útsvarsgjaldenda af 135 275, eða til 93,8% af fjölda þeirra, og til

95,83% af fjárhæð álagðra útsvara á gjaldárinu 1981, eða til 810 856,3 þús. nýkr. af heildarálagningu sem nam 846 163 þús. nýkr. Til þess að unnt sé að komast af með eina skatttöflu fyrir hvern einstakan fjölskyldukjarna og hvert einstakt greiðslutímabil er ráðgert að í skatttöflum verði ávallt reiknað með hámarkshundraðshluta af útsvarsskyldum tekjum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga sem er 11% að óbreyttum þeim lögum. Til þess að ná því markmiði að nota sem færstar skatttöflur og haga staðgreiðslu launamanns á sem einfaldastan hátt er gert ráð fyrir að í skatttöflum verði notað sama álag á útsvör við ákvörðun á staðgreiðslu kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda og beitt er við álagningu þessara gjalda í Reykjavík á því álagningarári sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Skatttöflur þyrftu að vera a. m. k. tvær fyrir hvert einstakt greiðslutímabil, annars vegar tafla fyrir einstaklinga með eða án barna, en til einstaklinga í þessu sambandi telst hvort hjóna um sig, og hins vegar tafla fyrir einstaklinga, með eða án barna, sem leggja skattkort maka sinna inn til launagreiðenda sinna.

Um 16.—19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Þó skal vakin athygli á því að ráðgert er samkvæmt ákvæðum síðari málsliðar 2. mgr. að bótageiðslur samkvæmt ákvæðum laga um almanna-tryggingar sæti lægri hundraðshluta staðgreiðslu af bótageiðslum en launatekjur þegar skattkorti launamanns er eigi skilað til vörslu hjá launagreiðanda. Í 3. mgr. er ráðgert að ákvarðaður verði ákveðinn hundraðshluti af launum barna sem halda skal eftir sem staðgreiðslu. Hundraðshlutar þeir sem um yrði að ræða samkvæmt síðari málslið 2. mgr. og 3. mgr. er ráðgert að ákvarðaðir verði í sérstökum lögum um gildistöku laga samkvæmt frv. þessu.

Um 21. gr.

Hér er um að ræða þá launamenn sem um ræðir í 3. mgr. 7. gr., sbr. 4. mgr. athugasemda við 7. gr. Gera má ráð fyrir að skattkort þessara launamanna séu yfirleitt bundin hjá öðrum launagreiðanda en þeim er hér um ræðir. Rétt virðist þó að hafa hundraðshluta staðgreiðslu af þessum greiðslum eða af afhendingu verðmæta lægri en af þeim launagreiðslum sem hámarkshundraðshluta ber að reikna af. Ráðgert er að hundraðshlutar þessir, sbr. 2. og 3. mgr. þessarar greinar frv., verði ákvarðaðir í sérstökum lögum um gildistöku laga samkvæmt frv. þessu.

Um 22.—24. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 25.—28. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

#### IV KAFLI

Um 29. gr.

Hér kemur tvímælalaust fram að launagreiðendur skuli ótilkvaddir greiða það fé sem þeir hafa haldið eftir eða bar að halda eftir af launum launamanna þeirra. Nýmæli þessarar greinar er það að launagreiðandi skal standa skil á greiðsluskilydri fjárhæð í banka, sparisjóði

eða pósthöð sem innborgun á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Enn fremur hefur hann rétt til að velja milli þessara aðila og skattstjóra er hann skilar skilagrein sinni.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 31. gr.

Í þessari grein frv. er að finna ákvæði um ábyrgð launagreiðanda annars vegar og ábyrgð launamanns hins vegar.

Um 32. gr.

Hér kemur tvímælalaust fram að launagreiðendur skuli ótilkvaddir greiða það fé sem þeim ber að reikna út samkvæmt 28. gr. frv., en það eru skil á launatengdum gjöldum þeirra, sbr. 5.—9. tl. 1. gr. frv.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Til þess að leggja áherslu á að nauðsynlegt sé að þeir aðilar sem taka á móti greiðsluskyldum fjárhæðum og skilagreinum hraði skilum eru þeim sett ákveðin skilamörk.

## V KAFLI

Um 35. — 40. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa. Þær fjalla um stjórnun staðgreiðslu, þ. e. a. s. um það hver hafi á hendi framkvæmd staðgreiðslunnar, um verkefni og skyldur ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og skattstjóra. Svo og um skyldur aðila til að veita upplýsingar o. fl. í sambandi við framkvæmd staðgreiðslunnar. Enn fremur heimild til handa fjármálaráðherra til setningar reglna um sérstakt launabókhald.

Um 41. og 42. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa. Þó skal vakin athygli á mismun á beitingu álags samkvæmt 41. og 42. gr., eftir því hvort um er að ræða álag vegna vanskila á skilafé, sbr. 41. gr., eða drátt á greiðslum, sbr. 42. gr. Í fyrri tilvikinu er um að ræða skil á fjármunum sem launagreiðandi hefur fengið greidda (þ. e. a. s. bar að halda eftir) frá launamanni en í síðara tilvikinu er um að ræða greiðslur eigin gjalda.

Um 43. gr.

Grein þessi fjallar um hverjir skuli innheimta vanskilafé og álag samkvæmt 41. gr. og 42. gr., svo og sektir samkvæmt 44. gr. og 45. gr. Í þessari grein frv. er að finna ákvæði um lögtaksrétt vegna vanskilafjár, álags og sektar, svo og um að skilafé og álag samkvæmt 41. gr. frv. skuli vera utan skuldaraðar í þrotabúum og skuldafrágöngubúum. Enn fremur eru ákvæði um heimild til stöðvunar á atvinnurekstri launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé og álagi samkvæmt 41. gr.

Um 44. og 45. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

## VII KAFLI

Um 46. gr.

Ákvæði þessarar greinar frv. fjalla um skiptingu á fé, sem innheimt hefur verið sem bráðabirgðagreiðsla á staðgreiðsluári, til réttihafa þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1. gr., sbr. 2. gr.

Skil tekjuskatta manna, sbr. 1.—4. tl. 1. gr., koma fram sem ósundurliðuð heildarstaðgreiðsla opinberra gjalda á skilagreinum launagreiðenda og þarf því að áætla skiptingu þeirra milli réttihafa.

Álagningu þinggjalda og sveitarsjóðagjalda á menn á gjaldárinu 1981 er lokið en hins vegar er ólokið álagningu skatta og gjalda lögaðila. Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir eru því einungis um fjárhæðir álagningar á menn samkvæmt álagningarskrám 1981 en skattskrár 1981 er enn engar fyrir hendi og verða ekki fyrr en í fyrsta lagi í desembermánuði 1981. Það er því óraunhæft að fjalla um álagningu 1981 í sambandi við skiptingu tekjuskatta til réttihafa. Hins vegar liggur nú fyrir álagning þinggjalda og sveitarsjóðagjalda samkvæmt skattskrár 1980. Fjárhæð álagðra tekjuskatta manna og barna samkvæmt skattskrár 1980 (að viðbætti áætlun fyrir kirkjugarðsgjöldum og sóknargjöldum sem ekki voru innheimt með þinggjöldum og því ekki birt í skattskrá) nam 116 218 m. gkr. Þegar tillit hefur verið tekið til greiðslu barnabóta (14 768 m. gkr.), þátttöku ríkissjóðs í greiðslu útsvara (3 777 m. gkr.) og áætlaðrar þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda, miðað við að ákvæði um þátttöku hans hefðu verið í gildi á gjaldárinu 1980 (230 m. gkr.), hefði skipting tekjuskattanna orðið þessi: Tekjuskattur til ríkissjóðs 41 801 m. gkr., útsvör til sveitarsjóða 53 593 m. gkr., kirkjugarðsgjöld 1 065 m. gkr. og sóknargjöld 984 m. gkr.

Miðað við ákvæði þessa frv. munu staðgreiddir tekjuskattar manna ekki ná til allra skattskyldra tekna manna. Hefði staðgreiðsla tekjuskatta samkvæmt ákvæðum þessa frv. verið við lýði á tekjuárinu 1979 (álagningarár 1980) þyrfti að lækka framangreinda fjárhæð álagðra tekjuskatta samkvæmt skattskrá 1980 að hámarki um 8 600 m. gkr. til þess að áætla staðgreidda tekjuskatta, sem þá hefðu numið 107 618 m. gkr. á tekjuárinu (staðgreiðsluárinu) 1979, þó að frádreginni ráðstöfun tekjuskatts til greiðslu barnabóta, útsvars, kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda.

Skipting launatengdra gjalda, sbr. 5.—9. tl. 1. gr., mun koma fram á skilagreinum launagreiðenda og því auðvelt að ákvarða rétta fjárhæð réttihafa. Samkvæmt skattskrá 1980 námu launatengd gjöld 14 064 m. gkr. en að meðtöldum staðgreiddum launaskatti á árinu 1979 (10 655 m. gkr.) var heildarfjárhæð þeirra 24 719 m. gkr. Þess ber þó að gæta að iðgjöld samkvæmt 9. tl. 1. gr. voru ekki álögð á gjaldárinu 1980 og eru því ekki innifalin í þessari fjárhæð.

Á árinu 1980 nam álagning og ákvörðun þeirra opinberu gjalda sem um er að ræða samkvæmt 10. gr. frv. 175 575 m. gkr. (þ. m. t. staðgreiddur launaskattur fyrir tímabilið 1. október 1979 til 30. september 1980 og áætluð fjárhæð þeirra kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda sem ekki voru innheimt með þinggjöldum). Þá nam ákvarðað sölugjald af viðskiptum frá 1. desember 1979 til nóvemberloka 1980 136 150 m. gkr. og álagning tímabundinna eða tilfallandi skatta og gjalda, þ. e. sjúkratryggingagjalds, sérstaks skatts af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og slysatryggingagjalds vegna heimilisstarfa 9 584 m. gkr. Heildarálagning og ákvörðun skatta og gjalda á árinu 1980 nam því 321 309 m. gkr. Á árinu 1980 nam kostnaður við álagningu og ákvörðun þessara skatta og gjalda 2 575 m. gkr. eða rúmlega 0,8%. Meginhluti þessa kostnaðar stafar af framkvæmd álagningar og ákvörðunar þeirra þinggjalda og sveitarsjóðagjalda sem um er að ræða samkvæmt 10. gr. frv. og mætti áætla hann 1,2% af þeirri álagningu eða 2 107 m. gkr. en 416 m. gkr. fælust þá í kostnaði við ákvörðun sölugjalds og álagningu tímabundinna gjalda.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds er kostnaður hjá sýslumönnum og bæjarfógetum

vegna innheimtu þinggjalda og launaskatts á árinu 1980 áætlaður 1 188 m. gkr. eða 1,98% af innheimtu ársins sem nam 60 081 m. gkr. Að viðbættum áætluðum kostnaði hjá ríkisbókhaldi og ráðuneytum er áætlað að þessi kostnaður í heild nemi 1 328 m. gkr. eða 2,21% af innheimtu ársins.

Samkvæmt reikningum Gjaldheimtunnar í Reykjavík nam rekstrarkostnaður hennar 747,8 m. gkr. á árinu 1980 og er þá kostnaður við viðbyggingu Tryggvagötu 28 meðtalinn (5,0 m. gkr.). Frá þessum kostnaði er dreginn „innheimtur kostnaður“ (aðallega fógetakostnaður) sem nam rúmlega 72,3 m. gkr. og vaxtatekjur sem námu rúmlega 37,3 m. gkr. eða í heild 109,7 m. gkr. Eftirstöðvum rekstrarkostnaðar eða 638,1 m. gkr. er að því loknu skipt í

6% innheimtubóknun kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda . . . . .	57,3 m. gkr.
0,83% innheimtukostnað ríkissjóðs . . . . .	290,8 m. gkr.
0,85% innheimtukostnað Reykjavíkurborgar . . . . .	290,0 m. gkr.

Heild: 638,1 m. gkr.

sem að meðaltali, miðað við heildarinnheimtu, nemur tæpu 0,91%, en miðað við „þinggjöld“ rúmlega 0,96%. Engar upplýsingar liggja fyrir um innheimtukostnað sveitar-sjóðagjalda á árinu 1980, að undanteknum innheimtukostnaði gjaldheimtanna í Reykjavík og á Seltjarnarnesi. Að meðaltali þykir mega áætla að kostnaður við innheimtu þinggjalda og sveitarsjóðagjalda nemi allt að 1,8%.

## VIII KAFLI

### Um 47. gr.

Í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði þess efnis að skattstjórar skuli ákveða tekjuskatt og eignarskatt. Rétt þykir að mæla svo fyrir í þessu frv. að skattstjórar skuli einnig annast ákvörðun þeirra annarra skatta og gjalda sem um er rætt í 10. gr.

### Um 48. og 49. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa. Þó skal vakin athygli á því að ráðgerð er skuldajöfnun milli hjóna, sbr. 1. mgr. 49. gr.

### Um 50. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um ráðstöfun á eftirstöðvum af staðgreiðslu sem í ljós koma við ákvörðun greiðslustöðu gjaldenda, sbr. 2. mgr. 48. gr., þ. e. a. s. ef í ljós kemur að innborguð staðgreiðsla gjaldenda er hærri en álögð gjöld þeirra samkvæmt álagningarskrá.

Áður en til endurgreiðslu kemur til gjaldandans sjálfs er gert ráð fyrir skuldajöfnun milli hjóna, sbr. 1. mgr. 49. gr. Enn fremur þykir rétt að heimila innheimtumönnum þinggjalda og sveitarsjóðagjalda skuldajöfnun hjá gjaldanda á móti ógoldnum eftirstöðvum gjalda hans frá fyrri árum ef þær eru fyrir hendi. Enn fremur að heimiluð verði slík skuldajöfnun eftirstöðva gjaldanna milli hjóna. Telja verður að skuldajöfnun milli hjóna sé eðlileg, m. a. vegna ákvæða um millifærslu á ónýttum persónuafslætti milli hjóna sem getur valdið vangreiðslu á staðgreiðslu annars hjóna og ofgreiðslu á staðgreiðslu hins, svo og vegna ráðstöfunar barnabóta, sérstaklega þegar annað hjóna er tekjulaust og skattkort beggja liggja inni hjá launagreiðanda þess sem hefur tekjur, sbr. 14. gr.

### Um 51. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## IX KAFLI

Um 52.—55. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ábyrgðir á greiðslu þinggjalda og sveitarsjóðagjalda. Þrátt fyrir ákvæði skattalaganna um sérsköttun hjóna þykir verða að halda ákvæðum um óskipta ábyrgð hjóna á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðagjalda sem á þau eru lögð. Í þessu sambandi vísast til athugasemda við 50. gr.

## X KAFLI

Um 57.—59. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 60. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði sérstök lög um gildistöku verði frumvarp þetta að lögum.

Ljóst má vera að áður en sérstök lög um gildistöku eru sett, eða jafnframt setningu þeirra, er óhjákvæmilegt að breyta mjög mörgum atriðum í þeim lögum sem um er rætt í 10. gr. frv. Þar má sérstaklega nefna nauðsynlegar breytingar á skatt- og gjaldstigum þeirra laga að því er varðar þann hluta þeirra sem fellur innan gildissviðs staðgreiðslunnar, sbr. 1.—9. tl. 1. gr. Svo og mun reynast óhjákvæmilegt að breyta ýmsum ákvæðum annarra laga, svo sem laga um almannatryggingar og laga um ýmsa lífeyrissjóði, vegna ákvæða þeirra laga þess efnis að ekki sé heimilt að innheimta opinber gjöld af bóta- og lífeyrisgreiðslum þessara aðila.

Að lokum má geta þess að nauðsyn er á sérstakri löggjöf um hvernig með skuli fara þann hluta álagningar og innheimtu þeirra opinberu gjalda sem falla innan gildissviðs staðgreiðslunnar sem samkvæmt ákvæðum gildandi laga ætti fram að fara á sama ári og staðgreiðsla þessara opinberu gjalda tæki gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.